

Nd.

545. Frumvarp til laga

[164. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selji áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota.

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölum þeim, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.